

Nd.

502. Breytingartillögur

við frv. til l. um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög til að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum.

Frá Gisla Guðmundssyni og Sigurði Einarssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Heimilt skal sýslunefndum og bæjarstjórnnum að ákveða það lýðskóla-fyrirkomulag innan sýslu- eða bæjarfélagsins, að allir ungir menn verkfærir á aldrinum 17—18 ára vinni kauplaust líkamleg störf í þarfir sins sýslu- eða bæjarfélags, þar sem þeir eiga heimili, 4 mánuði að sumarlagi, gegn ókeypis vist og kennslu við verklegt og bóklegt nám í skóla í 6 mánaða tíma næsta vetur eftir að vinnan hefir farið fram, enda hafi farið fram atkvæðagreiðsla samkv. 2. gr.

Þó skulu undanþegnir skylduvinnu allir þeir, er innan 18 ára aldurs hafa stundað a. m. k. eins vetrar nám við annan skóla en barnaskóla.

Heimilt skal og sýslu- og bæjarfélögum að ákveða samskonar skóla-fyrirkomulag fyrir ungar stúlkur á aldrinum 17—18 ára, með öllum hinum sömu skyldum og réttindum og ákveðið er í lögum þessum, að skuli gilda fyrir pilti.

Þó skal ekki byggja skóla fyrir stúlkur í neinu sýslu- eða bæjarfélagi fyrr en reynsla nokkur er fengin af piltaskóla í sama héraði eða bæ.

2. Við 2. gr. Orðin „fyrir karlmenn“ falli niður.

3. Við 3. gr. Á eftir orðunum „með slíku fyrirkomulagi“ komi: er sýslunefnd eða bæjarstjórn heimilt að láta reisa hæfilegt skólahús á kostnað sýslunnar eða bæjarins, og greiðir þá ríkissjóður helming kostnaðar, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, enda hafi ríkisstjórnin samþykkt uppdrátt af húsinu og skólastaðinn. Framlag ríkissjóðs skal bundið því skilyrði, að sæmilega sé séð fyrir rekstri skólans, að mati kennslumálastjórnarinnar.

4. Á eftir 3. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkv. því):

a. (4. gr.). Námsgreinar skulu vera binar sömu og nú tíðkast í héraðsskólum.

Þó skal eigi gera erlend mál að skyldunámsgrein. Verklegri kennslu skal haga, eftir því sem við verður komið, sem undirbúningi undir þau lífsstörf, sem aðallega eru stunduð í viðkomandi sýslu eða bæ.

b. (5. gr.). Ríkisstjórnin skipar skólastjóra. Laun hans skulu ákveðin í launalögum, og greiðir ríkið þau. Annan kostnað við rekstur skólans, þ. á. m. laun annara kennara, greiðir sýslan eða hærinn.

5. Við 4. gr. Í stað orðsins „byggingarkostnaðinn“ komi: ríkisframlagið til húsbýggingarinnar.